



Hjallastefnan

Heiti skjals: Jafnréttisstefna Hjallastefnunnar
Ábyrgðaaðili: Framkvæmdastýra
Viðtakendur: Allir innri og ytri aðilar
Útgáfudagur: 09.06.2020
Uppfært: 10.06.2021
Útgáfa 3

Jafnréttisstefna Hjallastefnunnar

Allt starf í Hjallastefnunni snýr að jafnrétti með einum eða öðrum hætti, en Hjallastefnan var upphaflega stofnuð til að stuðla að auknu jafnrétti og lýðræði í samfélaginu. Það má með sanni segja að Hjallastefnan sé í eðli sínu jafnréttisstefna.

Í Hjallastefnunni er heilbrigð og sterk menning og starfsfólk skynjar að það tilheyrir samfélagi þar sem borin er virðing fyrir öllum. Börnin eru það mikilvægasta í starfi Hjallastefnunnar og starfsfólk nálgast hvert barn með kærleika og hlýju.

Daglegt starf er útfært í meginreglum og kynjanámskrá skólanna sem eru birtingarmyndir jafnréttishugsjóna Hjallastefnunnar. Saman myndar þetta tvennt heildræna sýn á starf skólans og sameiginleg hlutverk, gildi og markmið sem stuðla að djúpri jafnréttishugsun sem er megin þema í daglegri ástundun starfsfólks í starfinu, þjálfun og samtali. Með kynjanámskrá er gagnkvæmur skilningur allra á mikilvægi vellíðan og jafnréttis hjá Hjallastefnunni tryggður, en meginreglurnar eru grundvöllurinn að öllu starfi Hjallastefnunnar.

Með jafnréttisáherslum er stuðlað að því að starfsfólk og börn vinni með styrkleika sína og persónulegan þroska. Styrkleikabjálfun nær bæði til ólíkra færne kynjanna í einstaklings- sem og félagsfærni. Hjallastefnan skapar því umhverfi sem styður heilbrigða og sterka menningu byggða á þekkingu á birtingarmynd kynjanna sem er aftur einnig fylgt eftir í stjórnun á öllum stigum. Þannig vinnur Hjallastefnan að því að valdefla konur og kvennastörf sem og að auka fjölbreytni í skólastarfi

Menning Hjallastefnunnar með jafnréttissjónarmið sem lykilviðmið miðar að því að gera vinnustaðinn eftirsóknarverðan og stöðugt betri. Jafnrétti stuðlar að trausti, öryggi og góðri framkomu við alla. Skólar Hjallastefnunnar eru eftirsóknarverðir vinnustaðir, bæði fyrir börn og starfsfólk og hluti af menningunni er meitluð í orðanotkun sem birtist í virðingu og samskiptum starfsfólks á milli, í samskiptum við börn og þeirra á milli.

Til að viðhalda menningunni er mikill metnaður lagður í að þjálfva starfsfólk í aðferðum, nálgun og notkun á meginreglum og kynjanámskrá. Þannig er tryggt að allt starfsfólk Hjallastefnunnar tileinki sér djúpa jafnréttishugsun. Til að ítra jafnrétti í starfinu eru notaðar lotur yfir skólaárið sem allar hafa sterka snertifleti við jafnrétti meðal barna og starfsfólks. Í þjálfun og starfi er m.a. kennt að greina þær skekkjur sem eru til staðar í samfélaginu sem og í samskiptum og ákvörðunum. Þættir sem eru hluti af aldagamalli hefð og venjum sem er rótgróið í samfélaginu og Hjallastefnunni er ætlað að uppræta.

Hjallastefnan sem jafnréttisstefna felur í sér að umhverfið stuðlar að því að allt starfsfólk er metið að verðleikum. Það á við kynin, ólíka eiginleika fólks, ólíka kynþætti, trúarbrögð og ólíka búsetu. Aðrar bakgrunnsbreytur sem eru þekktar og vísa til reynslu, menntunar, ábyrgðar og hæfi útskýra mun á launum. Aðrir þættir hafa ekki áhrif á laun og kjör. Óútskýrður launamunur verður ekki liðinn innan Hjallastefnunnar.



Hjallastefnan

Heiti skjals: Jafnréttisstefna Hjallastefnunnar
Ábyrgðaaðili: Framkvæmdastýra
Viðtakendur: Allir innri og ytri aðilar
Útgáfudagur: 09.06.2020
Uppfært: 10.06.2021
Útgáfa 3

Með meginreglum og kynjanámskrá er jafnréttislögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 150/2020 framfylgt. Þar segir að fyrirtæki og stofnanir, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn, skulu setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti karla og kvenna í starfsmannastefnu sinni. Á grundvelli jafnréttislaganna er í gildi jafnréttisstefna og framkvæmdaráætlun jafnréttismála hjá Hjallastefnunni sem er endurskoðuð eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Birtingarmynd á hugsjónum Hjallastefnunnar um jafnrétti er í forgrunni í öllu skólastarfinu en unnið er eftir jafnréttisáætlun um áherslur Jafnréttisstefnu fyrir árið 2020 – 2022:

1. Launajafnrétti - Jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf óháð kyni.

Hjallastefnan greiðir jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Laun starfsfólks Hjallastefnunnar eru greidd samkvæmt kjarasamningum. Þeir stjórnendur Hjallastefnunnar sem hafa áhrif á og hafa eftirlit með réttri launasetningu er tryggð viðeigandi þjálfun. Óútskýrður launamunur verður ekki liðinn innan Hjallastefnunnar þar með tryggt að 19. grein jafnréttislaga sé virt.

2. Jafnvægi og samræming milli vinnu og einkalífs

Hjallastefnan leggur áherslu á að starfsfólk njóti sveigjanleika í starfi þannig að þeir geti óháð kyni og aðstæðum axlað ábyrgð á fjölskyldu sinni og heimili samhliða starfi sínu. Í því felst að starfsfólk óháð kyni nýti sér rétt til fæðingarorlofs og leyfis vegna veikinda barna. Starfsfólki Hjallastefnunnar er auðveldað að koma aftur til starfa eftir veikindi, fæðingar- eða foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna. Skipulag skólakerfisins er lagað að þörfum fjölskyldu- og atvinnulífs og samningar á vinnumarkaði virtir sem kveða á um styttri og sveigjanlegri vinnutíma til að gera fólki kleift að samræma þarfir einkalífsins og atvinnu. Jafnframt hefur Hjallastefnan frá árinu 2019 farið í vinnutímastyttingu um klukkustund á dag fyrir allt starfsfólk leikskóla, að ákveðnum uppfylltum skilyrðum.

3. Misrétti, einelti, ofbeldi og/eða áreitni

Með meginreglum Hjallastefnunnar eru samskipti kortlögð og þess gætt að starfsfólki sé ekki mismunað hvorki á grundvelli kynferðis eða annara atriða. Til að fyrirbyggja og bregðast við einelti, kynferðislegri áreitni og öðru ofbeldi og/eða áreitni er unnið út frá aðgerðaráætlunum. Undantekningarlaust skal brugðist við kynbundnu misrétti, ofbeldi og/eða kynferðislegri áreitni enda slíkt ekki liðið og stefna skólans er að útrýma slíku.

4. Kynjasambætting

Á hverjum degi er unnið markvisst að jafnrétti, það hefur bein áhrif á starfsfólk og meðvitund um þá ósýnilegu þætti sem mörgum eru huldir. Unnið er með menningu drengja og stúlkna sem starfsfólk heimfærir yfir á eigin veruleika. Starfsfólk er upplýst um sambættingu jafnréttissjónarmiða Hjallastefnunnar við meginstarfsemina og markmið í jafnréttismálum. Allt vinnusambandið einkennist af áherslum í jafnréttismálum.

5. Eftirfylgni og endurskoðun

Hjallastefnan leggur áherslu á umbótastarf þannig að hægt sé að fá leiðbeinandi upplýsingar um skólamenningu, skólabrag, líðan barna í skólanum, upplifun foreldra og hvernig unnið er að markmiðum í skólastarfinu. Fjölbreyttar matsaðferðir eru nýttar til að afla þessara upplýsinga en niðurstöður eru notaðar til uppbyggingar og leiðsagnar í skólastarfinu. Margir þættir spila saman til að tryggja fullkomið jafnrétti á vinnustað en



Hjallastefnan

Heiti skjals: Jafnréttisstefna Hjallastefnunnar
Ábyrgðaaðili: Framkvæmdastýra
Viðtakendur: Allir innri og ytri aðilar
Útgáfudagur: 09.06.2020
Uppfært: 10.06.2021
Útgáfa 3

með stöðugu umbótastarfi út frá skýrum meginreglum og kynjanámskrá er hægt að ná markmiðinu um jafnrétti fyrir alla.

Áhersla er lögð á að allt starfsfólk virði jafnréttisstefnuna og starfi í anda hennar. Jafnréttisstefnan skal yfirfarin, uppfærð ef þörf er á, samþykkt og kynnt öllum hagsmunaaðilum eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Jafnréttisstefnan skal vera aðgengileg á heimasíðu Hjallastefnunnar.

Reykjavík 11.05.2021

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, framkvæmdastýra Hjallastefnunnar